

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með minnst 3ja daga fyrirvara.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notanda. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið. Innheimtugjald er kr. 995,00.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða kostnað við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein. Lokunargjald er kr. 1.494,00.

Sé nauðsynlegt að loka aðrennsli vatnsins utanhúss, skal sá er vanskilum veldur greiða allan kostnað við þá framkvæmd.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 152, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 232, 3. maí 1995 um útfararþjónustu.**

1. gr.

6. gr. reglugerðar nr. 232, 3. maí 1995 um útfararþjónustu falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36, 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.